



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um pósthjónustu, 270. mál

Samtök atvinnulífsins og SVP – Samtök verslunar og þjónustu (samtökin) vísa til tölvupósts umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 6. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um pósthjónustu, 270. mál. Er um að ræða frumvarp til nýrra heildarlaga um pósthjónustu þar sem m.a. lagt er til að afnema einkarétt íslenska ríkisins á pósthjónustu, nánar tiltekið bréfa undir 50 g. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er með framangreindri breytingu verið að innleiða að fullu reglur á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um að opna póstmárkaðinn fyrir samkeppni að fullu með því að afnema einkarétt ríkja á sviði pósthjónustu.

Hvað þetta markmið varðar þá fagna samtökin því að með framlögðu frumvarpi er skrefið tekið að fullu við að afnema einkarétt íslenska ríkisins á pósthjónustu og lokaskrefið stigið í þeirri vegferð að opna alfarið á samkeppni á þeim markaði. Því styðja samtökin það markmið frumvarpsins heilshugar. Hins vegar telja samtökin mikilvægt við þá framkvæmd að tryggja að skilyrði fyrir samkeppni á þessum markaði, sem og öðrum þeim tengdum, séu tryggð og innkoma opinbers aðila alfarið inn á þann markað raski ekki þeim skilyrðum eða hafi skaðleg áhrif á samkeppni. Í því samhengi benda samtökin á að núverandi starfsemi ríkisrekna pósthjónustakísins hefur snertifleti við aðra markaði en pósthjónustu eingöngu og nægir þar að nefna t.a.m. starfsemi landflutningsfyrirtækja.

Því er mikilvægt að hugað verði að því að framkvæma mat á samkeppnislegum áhrifum boðaðra breytinga á markaði, hvort sem það er póstmárkaður eða aðrir tengdir markaðir, í samræmi við ábendingar Samkeppniseftirlitsins sem fram koma í álitni stofnunarinnar nr. 2/2009, þ.e. Samkeppnismat stjórnvalda. Ekki er að fullu ljóst að hversu miklu leyti tilvísaðar skýrslur og úttektir, sem vísað er til í fyrirbyggjandi frumvarpi, endurspegli ábendingar Samkeppniseftirlitsins en að teknu tilliti til áður nefnds álits nr. 2/2009 eru þar að finna mikilvægar ábendingar til að tryggja að lög og stjórnvaldsfyrirmæli hamli ekki eðlilegri samkeppni eða setji henni skorður.


Að sama skapi leggja samtökin einnig ríka áherslu á að áður en til afnáms á einkarétti íslenska ríkisins á pósthjónustu kemur þarf að tryggja fullnægjandi kostnaðargreiningu á milli núverandi rekstrar innan einkaréttar og samkeppnisrekstri Íslandspósts ohf. þannig að samkeppni sé ekki raskað þegar sá einkaréttur verður afnuminn. Þannig er komið í veg fyrir að niðurgreiðsla eigi sér stað þar á milli þessara þátta áður en umræddur einkaréttur verður að fullu afnuminn.


Þessu til viðbótar vilja samtökin koma á framfæri athugasemd hvað varðar rekstrarumhverfi pósthjónustu almennt sem og þá byrði sem á Íslandspósti ohf. hvílir vegna alþjóðlegra skuldbindinga og hefur nú þegar áhrif, og mun að óbreyttu hafa áfram, á starfsemi fyrirtækisins. Er um að ræða eftirfylgni með samningi um Alþjóðapóst sambandið (e. Universal Postal Union) en á grundvelli þess samstarfs ber íslenska ríkinu skylda til að niðurgreiða póstsendingar til

landsins frá tilteknum þróunarríkjum og á þeim vettvangi flokkast Kína til slíkra ríkja. Á grundvelli þessara skuldbindinga er tap Íslandspóstis ohf. vegna erlendra sendinga áætlað um 475 milljónir á ári. Huga þarf að þessum þáttum samhliða afgreiðslu fyrirbyggjandi frumvarps og með hvaða hætti eftirfylgni íslenska ríkisins með þessum kvöðum verði framfylgt þegar Íslandspóstur ohf. veður að fullu starfandi á samkeppnismarkaði.

Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllst,


Pétur Reimarsson
f.h. SA


Lárus M. K. Ólafsson
f.h. SVP